



Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 18.2.2025

Málsnúmer: 202501-0085

IAS/RTh

Efni: Landeldi í Hvalfirði. Kynning matsáætlunar

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, sem barst 20. janúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um mál 0075/2025 í Skipulagsgátt: Landeldi í Hvalfirði. Kynning matsáætlunar.

„Aurora fiskeldi ehf. áformar að byggja landeldistöð fyrir lax á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit. Fyrirhuguð framleiðsla er um 28.000 tonn á ári en stöðin verður staðsett á lóð nr. 34 á Grundartanga. Sjó verður dælt beint inn í stöðina úr Hvalfirði en áætluð vatnspörf er um 27,0 m³/sek og gert er ráð fyrir um 75% endurnýtingu á sjóvatni. Áætluð ferskvatnspörf er um 7,2 l/s en gert er ráð fyrir 99% endurnýtingu á ferskvatnshluta framleiðslunnar.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Framkvæmdasvæðið er innan svæðisins Hvalfjörður, sem er bæði mikilvægt fuglasvæði og á tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða, fugla og sela. Þá er framkvæmdasvæðið að hluta innan svæðis 235 á náttúruminjaskrá, Hvalfjarðarströnd.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn framkvæmdarinnar frá 12. desember 2024 var það mat stofnunarinnar að nokkuð vantaði upp á þekkingu á grunnástandi svæðisins hvað varðar gróður, fugla og fjöru- og botndýralíf svæðisins. Samkvæmt matsáætlun er ekki fyrirhugað að rannsaka gróður á svæðinu heldur verður stuðst við fyrirbyggjandi gögn, þ.e. rannsóknir RORUM vegna umhverfismats Qair Ísland ehf vegna framkvæmda á næstu lóð, Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar og ljósmyndir úr vettvangsferð.

Náttúrufræðistofnun bendir á að mokað var í skurð vestan og sunnan við Katanestjörn um 2012 í þeim tilgangi að endurheimta tjörnina og votlendi þar í kring. Af gömlum loftmyndum að dæma var lítið eftir af opnu vatni í tjörninni og framræst votlendið nýtt sem tún. Virðist sem vel hafi tekist til með endurheimt tjarnarinnar og land blotnað þar sem áður voru tún. Á loftmyndum að dæma (Loftmyndir ehf) hefur verið unnið enn frekar að endurheimt í takt við stefnu um endurheimt votlendis og áform um slíkt sunnan Eiðisvatns og við Katanestjörn.

Samkvæmt sveitarfélagsupphætti ASK Hvalfjarðarsveitar 2020-2032, er gert ráð fyrir hverfisverndarsvæðum kringum Eiðisvatn og meðfram strandlengjunni við Katanes. Aftur á móti er svæðið í kringum Katanestjörn skilgreint sem iðnaðar- og athafnasvæði, þar sem tiltölulega nýbúið er að moka ofan í skurði til að endurheimta votlendi. Skýtur það skökku við stefnu og áform sveitarfélagsins og þá sérstaklega með það í huga að endurheimt svæðisins sem þegar er hafin fer fyrir lítið.

Eftir því sem best verður séð þá er hluti þessa svæðis virkt votlendi, með votlendisgróðri og líkast til er mun meira votlendi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar gefur til



kynna, einkum næst vatninu að austanverðu og hefur líkast til verið svo um lengri tíma. Erfiðara er að átta sig á áhrifum endurheimtar, eingöngu út frá loftmyndum, á gróðurfar annarsstaðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði enda fremur stuttur tími liðinn frá því að mokað var ofan í skurði. Landið virðist þó vera að blotna og þar með stöðvast eða a.m.k. dregur stórlega úr losun kolefnis frá því þó að það geti tekið lengri tíma að ná fyrri virkni og tegundasamsetningu.

Til eru nokkrar upplýsingar um skráningu æðplanta í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði, sbr. það sem kemur fram í matsáætlun þar sem vísað er í skýrslu RORUM (2024), auk upplýsinga úr gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar. Hins vegar er skráningum æðplanta ábótavant innan afmarkaðs framkvæmdasvæðis. Leitt er líkum að því í matsáætlun að gróðurfar, þ.e. tegundir æðplantna og vistgerðir séu sambærilegar og greint var frá í skýrslu RORUM og getur Náttúrufræðistofnun tekið undir það að hluta. Hins vegar er líklegt, eins og að framan greinir, að votlendi sé mun meira en kemur fram á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar og mun meira en á því svæði sem RORUM vann sínar gróðurannsóknir á. Út frá því mætti búast við að votlendistegundir væru ríkjandi í gróðurfari, og tegunda auðgi þeirra meiri. Engar friðaðar plöntutegundir, eða á valista, hafa fundist eða verið skráðar á svæðinu en þó hafa fundist tegundir í grennd sem hafa fremur takmarkaða útbreiðslu á landsvísi.

Með framangreint í huga þarf að endurskoða og uppfæra vistgerðakort á svæðinu og er þá ekki úr vegi að kanna betur æðplöntuflóru þess.

Í kafla 5.1.3 Fuglalíf segir m.a.:

„Til að meta áhrif framkvæmdar á fuglalíf verður m.a. stuðst við fyrirliggjandi gögn:

- Rannsóknir RORUM á lífríki vegna umhverfismats Qair Íslands á framleiðslu rafeldsneytis á Katanesi við Grundartanga [2].
- Vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunar 2020-2022 á Katanesi.
- Vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunar 2008-2023 frá Katanes að Galtarvíkshöfða.
- Úttekt á fuglalífi við Katanes, 2004 [17].
- Ljósmyndir úr vettvangsferð.“

Náttúrufræðistofnun bendir á að ekki voru neinar vetrarfuglatalningar á Katanesi 2020-2022 heldur er talningarsvæðið frá Katanesi að Galtarvíkurhöfða. Svæðið frá Katanesi með ströndinni norðaustur að Saurbæ hefur aðeins verið talið einu sinni í vetrarfuglatalningu, árið 1997.

Náttúrufræðistofnun ítrekar að það er mat stofnunarinnar að nokkuð vanti upp á þekkingu á grunnástandi svæðisins hvað varðar gróður, fugla og fjöru- og botndýralíf og þörf á að úr verði bætt í umhverfismatsskýrslu.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur